

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 280/2021**

**frá 29. október 2021**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/590 frá 12. apríl 2021 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aklónifen, boskalíð, kúamjólk, etófenprox, ferrípýrófosfat, L-systeín, lambda-sýshalótrín, malínhýdrasíð, mefentríflúkónasól, natríum-5-nítrógvæjakólat, natríum-o-nítrófenólat, natríum-p-nítrófenólat og tríklópýr í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/976 frá 4. júní 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýkloxýdím, mepíkvat, *Metschnikowia fructicola* af stofni NRRL Y-27328 og próhexadíón í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 125, 13.4.2021, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 1.

- „– **32021 R 0590**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/590 frá 12. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 125, 13.4.2021, bls. 15),
- **32021 R 0976**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/976 frá 4. júní 2021 (Stjtið. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 0590**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/590 frá 12. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 125, 13.4.2021, bls. 15),
- **32021 R 0976**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/976 frá 4. júní 2021 (Stjtið. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 1).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2021/590 og (ESB) 2018/976, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

forseti.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.